

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1322/2007 frá 12. nóvember 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrsla um almannatryggingar (ESSPROS) að því er varðar viðeigandi snið til sendinga, niðurstöður sem á að senda og viðmið til að mæla gæði fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrsla um almannatryggingar (ESSPROS) og líkanið um lífeyrisþega ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2007 frá 14. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1749/96 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007):

„18ua. **32007 R 1322**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1322/2007 frá 12. nóvember 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrsla um almannatryggingar (ESSPROS) að því er varðar viðeigandi snið til sendinga, niðurstöður sem á að senda og viðmið til að mæla gæði fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrsla um almannatryggingar (ESSPROS) og líkanið um lífeyrisþega (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 296, 15.11.2007, bls. 22.

„– **32007 R 1334**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2007 frá 14. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2007, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1322/2007 og 1334/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.